

október 2007
Sport
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR]

FÉLAGIÐ KOMIÐ AFTUR Á RÉTTAN STALL

FJÓRIR FYRIRLIÐAR
VALS Í GEGNUM TÍÐINA
RÆÐA UM BYLTINGUNA
Á HLÍÐARENDA

»WESLEY
SNEIJDER
MIKLU BETRI
EN BECKHAM

»HELSTI
MARKASKORARI
STABÆK
VEIGAR ER
HRIKALEGA
GÓÐUR

»KRISTJÁN ÖRN
SIGURÐSSON
AÐALMAÐURINN
Í MEISTARALIÐI
BRANN

SPORTMYND/VILHELM



MJELDE UM ÓLAF ÖRN OG ÁRMANN SMÁRA:

Mjelde ber hinum Íslendingunum í liði Brann, Ólafi Erni og Ármanni Smára, einnig einkar vel söguna. „Íslendingar hafa reynst Brann mjög vel í gegnum árin og við vitum nokkurn veginn alltaf hverju við eigum von á. Íslendingarnir hafa allir fallið mjög vel í hópinn, læra tungumálið vel og fljótt og leggja sig alltaf 100% fram á æfingum. Það er mjög stór þáttur í þessu öllu,” segir Mjelde.

Óvíst er hvort Ólafur Örn verði í herbúðum Brann á næstu leiktíð en félagið hefur enn ekki boðið honum nýjan samning. Mjelde segir öll leikmannamál í biðstöðu þar til tímabilinu er lokið en viðurkennir að það verði söknuður að Ólafi, kjósi hann að róa á önnur mið. „Hann hefur staðið sig mjög vel á tímabilinu þrátt fyrir allt og það hefur bitnað svolítið á Ármanni. Við keyptum Ármann sem varnarmann þó svo að við vissum að hann gæti spilað í sókninni. Og í ár hefur hann hentað okkur betur í sóknarleiknum. Hann hefur skorað mikið þegar hann hefur fengið tækifæri og skapar mikla ógn í föstum leikatriðum. En ég vil sjá Ármann grimmar og ákveðnari í sínum leik – og ég er alltaf að segja honum það,” segir Mjelde og hlær. „Staðan gæti breyst á næstu leiktíð ef Ólafur fer. Hver veit nema Ármann taki hans stöðu við hlið Kristjáns í vörninni?”

LEIKSTÍLL BRANN BYGGIST Á EIGINLEIKUM KRISTJÁNS

Brann í Bergen á norska meistaratitilinn í fótbolta næsta vísan og yrði það í fyrsta skipti í 44 ár sem liðið hreppir titilinn. Þrír Íslendingar leika með liðinu, **Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson**, og spilar sá fyrstnefndi sérlega stórt hlutverk í liðinu. Þjálfarinn Mons Ivar Mjelde segir Kristján vera besta miðvörðinn í Noregi.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON



Brann spilar mjög framarlega miðað við mörg önnur lið í Noregi og beitir gjarnan hápressu á andstæðinga sína. Fyrir vikið er mjög skemmtilegt að horfa á leiki Brann, liðið skorar mest allra í norsku úrvalsdeildinni en um leið hefur aðeins eitt lið fengið á sig færri mörk á tímabilinu. Einhverjir

kynnu að halda að varnarlinan yrði berskjölduð gagnvart skyndisóknum andstæðinganna við slíkar aðstæður en Mons Ivar Mjelde, þjálfari Brann, sagði við Sport að í tilviki Brann væri hættan á því lágmörkuð eins og hægt er. Ástæðan er Kristján Örn Sigurðsson.

„Hann er svo rosalega fljótur og svo gríðarlega öflugur maður gegn manni að við þurfum oftast ekki að hafa áhyggjur af því að beita hápressu. Ef við missum boltann og það er sótt hratt á okkur hleypur Kristján andstæðingana uppi í 9 af hverjum 10 tilvikum. Það eru margir fljótir framherjar í Noregi en Kristján tekur þá alla á sprettinum og það endar oftast á því að hann tekur boltann af þeim. Þetta getur enginn annar miðvörður í Noregi og þessi eiginleiki gerir Kristján að þeim besta í þeirri stöðu í Noregi, að mínu mati,” útskýrir Mjelde.

Kristján Örn hefur blómstrað í stöðu miðvarðar Brann á tímabilinu í ár eftir að hafa spilað í stöðu hægri bakvarðar, líkt og hann gerir venjulega með íslenska landsliðinu, frá því að hann gekk í raðir norska liðsins frá KR eftir sumarið 2004. Hann er eini leikmaðurinn sem hefur spilað alla deildarleiki Brann á tímabilinu, 23 talsins, og hefur Kristján skorað í þeim fjögur mörk.

VARNARMAÐUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

„Við misstum Paul Scharner til Wigan á síðasta ári og settum þá Kristján í miðvörðinn. Í dag er hann orðinn einn allra mikilvægasti leikmaður Brann. Allir vita að Kristján hefur ákveðna veikleika, til dæmis sendingagetu og tækni, sem gera það að verkum að það hentar honum ekki eins vel að vera bakvörður. Í miðverðinum skipta þessir þættir ekki eins miklu máli og hann bætir alla veikleika upp með því að vera hrikalega góður varnarmaður. Maður gegn manni er Kristján á heimsmælikvarða – ég fullyrði það,” segir Mjelde og bætir við að félagi Kristjáns í vörninni, Ólafur Örn Bjarnason, bæti hann upp að mörgu leyti. „Í Ólafi erum



Kristján Örn hefur spilað frábærlega í vörn Brann á tímabilinu og hefur auk þess verið afar skæður í föstum leikatriðum. Kristján Örn hefur skorað alls 4 mörk í 23 leikjum.

SPORT/SCANPIX

við með mann sem er öruggur á bolta og yfirvegaður. Þeir smellpassa saman.“

Mjelde staðfestir að nokkur stærri lið frá meginlandi Evrópu hafi spurst fyrir um Kristján upp á síðkastið en ekkert formlegt tilboð hafi enn borist. Kristján er samningsbundinn Brann til 2009 og ítrekar Mjelde að félagið vilji ekki missa hann. „Það þarf virkilega gott tilboð til að við föllumst á að selja hann,” segir Mjelde.



» ÉG ER

Mons Ivar Mjelde

Aldur: 39 ára

Þjóðerni: Norskur

Staðreyndir:

Mons Ivar Mjelde tók við liði Brann í janúar 2003 eftir að *Teitur Þórðarson* hafði verið rekinn frá liðinu. Mons fékk þjálfarastöðu hjá Brann árið 2001, þegar leikmannsferli hans lauk. Í fyrstu stjórnáði hann vara- og ungliðaliðum Brann en fékk óvænt tækifærið sem aðalþjálfari liðsins eftir aðeins rúmlega eins árs þjálfaraferil.

Sem leikmaður spilaði Mjelde sem framherji og skoraði alls 114 mörk í 250 deildarleikjum í norsku og austurrísku úrvalsdeildinni. Hann lék 3 landsleiki fyrir Noreg á ferlinum og skoraði tvö mörk. Hann varð markhæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar árið 1993 og var valinn framherji ársins 1996.

Eini stóri titill Mjelde sem þjálfari var þegar hann stýrði Brann til bikarmeistararitilsins í Noregi árið 2004.

Hvað er að fréttu?

Við tækjum sportið

www.visir.is

ERLENDU LEIKMENNIRNIR KENNA Í GRUNNSKÓLANUM

„Þeir hafa reynst okkur gríðarlega vel og það er mikil ánægja með þeirra störf,” segir Gunnar Svanlaugsson, skólustjóri Grunnskólans á Stykkishólmi, en hann er yfirmaður þeirra Justin Shouse og Anders Kattholm, sem eiga það sameiginlegt að vera leikmenn með körfuboltaíði Snæfells og kennarar við grunnskólann. Bandaríkjamaðurinn Shouse er kennari að mennt og er að leika sitt annað tímabil með Snæfellinum. „Shouse kom að forfallakennslu síðasta vetur og stóð sig frábærlega og því vildum við endilega fá hann í fasta kennslu í vetur,” segir Gunnar, en Shouse kennir ensku í skólanum. Kattholm er menntaður uppeldisfræðingur og kom til landsins fyrir tilstilli

Justin Shouse og Anders Kattholm eru í hópi vinsælustu kennara skólans, enda sóma þeir sér einkar vel við kennsluöfluna.

skólans og körfuknattleiksdeildar Snæfells. „Við áttum í erfiðleikum með að fá dönskukennara og ég tók því höndum saman við Geof Kotile um að fá öflugan kennara til starfa og það myndi ekki skemma fyrir ef hann kynni körfubolta. Við fundum Kattholm og erum mjög sáttir með hann.”

Gunnar segir að erlendu leikmennirnir tveir séu mjög vinsælir innan veggja skólans. „Þeir eru strax búnir að sanna að það er mögnuð aðferð að vera með kennara sem talar bara tungumálið sem verið er að kenna. Fremstu nemendurnir verða þannig eins konar aðstoðarmenn og þeir læra íslenskuna mun fyrr í gegnum nemendurna. Þetta gæti ekki verið betra.”

JBL

JBL + harman/kardon og þú ert á staðnum



HarmanKardon HD950

DVD SPILARI með 24 bita Multibit Sigma-Delta Modulator DAC, Digital Coaxial og Optical inngangi. Spilar CD, CD-R/RW og MP3.

JBL E60

Tveir 175w GÖLF HÁTALARAR



HarmanKardon HK3380

2x80w RMS ÚTVARPSMAGNARI með RDS útvarpi með stöðvaminnum, 7 x Audio Input, 4 x Video Input og Subwoofer output.



TILBOÐ **89.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990

HarmanKardon DVD27

Fjölkerfa DivX DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS.

HarmanKardon HKTS11

Heimabíó HÁTALARASETT með 5 surround hátölurum og bassa með 200w RMS magnara.



HarmanKardon AVR132

2x40w, 5x30w RMS HEIMABIÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro Logic II, RDS útvarpi með stöðvaminnum.

TILBOÐ **109.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



JBL E60


Tveir 175w GÖLF HÁTALARAR

JBL E20

Tveir 125w HILLU HÁTALARAR

JBL EC25

Einn 150w MIÐJU HÁTALARI



HarmanKardon AVR132 og DVD27

TILBOÐ **129.990**

FULLT VERÐ kr. 154.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Hagkaup, Borgarnesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, Samkaup, Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hölmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kaupþún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Mútláun, Höfn Hornafríði. SUBURLAND: Mosfell, Hellu, Fosshaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík, Rafeindatekni, Keflavík, Hagkaup, Njarðvík, Raftegnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

» ÉG ER



Daniel Nannskog

Aldur: 33 ára

Fæðingarstaður: Skánn, Svíþjóð

Hæð: 180 sm

Staða: Framherji

Fyrri félög: Djurgården, Landskrona, Shanghai Shenhua.

Nannskog var valinn í sænska landsliðið í upphafi þessa árs og lék tvo leiki, gegn Venesúela og Ekvador. Nannskog skoraði sitt fyrsta og eina landsliðsmark í leiknum gegn síðarnefndu þjóðinni.



Ola By Rise, aðstoðarþjálfari norska landsliðsins.

VÆRU JAFNVEL Í NORSKA LANDSLIÐINU

Ola By Rise, aðstoðarþjálfari norska landsliðsins, lét hafa eftir sér fyrir tímabilið í ár að þeir Veigar Páll og Daniel Nannskog væru í norska landsliðinu ef þeir væru þaðan. By Rise hreifst mikið af þeim félögum síðasta sumar, þar sem þeir skoruðu saman 37 mörk í deildinni.

„Væru þeir norskir er ekki útilokað að þeir væru í landsliðinu. Þeir eru mjög góðir leikmenn og vinna frábærlega vel saman. Stabæk nær fram því besta í báðum leikmönnumum,“ sagði By Rise.

SÁ BESTI SEM ÉG HEF SPILAÐ MEÐ

» Svíinn Daniel Nannskog og Íslendingurinn Veigar Páll Gunnarsson mynda saman hættulegasta sóknardúettinn í norsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu og hafa gert undanfarin tvö tímabil. Nannskog telur Veigar Pál besta leikmann sem hann hafi nokkurn tíma spilað með og segir það með ólíkindum að hann fái ekki tækifæri í íslenska landsliðinu.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON



NANNSKOG UM VEIGAR PÁL

„Það er draumur að hafa leikmann eins og Veigar í sínu liði. Hann er snillingur í að fá boltann á milli miðju og varnar og ná þannig að draga að sér varnar- og miðjumann. Við það skapast pláss fyrir mig og Veigar finnur mig oftast í lappirnar, enda með frábærar sendingar. Það er erfitt að útskýra hver er ástæðan fyrir því að við náum svona vel saman. Okkar leikstílar smellpassa saman og við vitum eiginlega alltaf hvað hinn er að hugsa.“



VEIGAR PÁLL UM NANNSKOG

„Nannskog er enginn snillingur með boltann en hann er einn af þeim betri í að koma sér í færi. Hann tímasetur hlaupin sín frábærlega og er snillingur í að leysa rangstöðugildirur andstæðinganna. Hann er mjög góður án bolta og les leikinn vel. Fyrir leikmann eins og mig er frábært að vera með mann eins og Nannskog sér við hlið. Varnarmennirnir vita ekki hvort þeir eiga að fylgja honum í stungu hlaupin eða fara í mig og fyrir vikið skapast alltaf pláss. Hann hentar mér fullkomnlega.“

„Veigar Páll hefur verið stórkostlegur á tímabilinu. Hann er ekki að skora eins mikið og í fyrra en hann er að leggja upp lygilega mikið af mörkum og mér finnst hann vera að gera meira fyrir liðið í ár. Hann er klárlega í hópi þriggja bestu framherja norsku úrvalsdeildarinnar og ég á ekki erfitt með að segja að hann sé besti leikmaður sem ég hef spilað með á ferlinum,“ sagði Nannskog í samtali við Sport, en hann kom til Stabæk fyrir tímabilið 2005 þegar liðið var í norsku 1. deildinni. Hann náði strax einstaklega vel saman við Veigar Pál í framlinunni og skoraði 27 mörk á sínu fyrsta tímabili. Í fyrra varð hann síðan markakóngur úrvalsdeildarinnar með 17 mörk, einu marki meira en Veigar skoraði. Þegar þrjár umferðir eru eftir af norsku úrvalsdeildinni í ár hefur hann skorað 14 mörk og er næstmarkahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar.

HEFUR BÆTT SIG MIKIÐ
Eins og í fyrra þykja Nannskog og Veigar hafa spilað frábærlega í ár og eru flestir norsku fjölmiðlanna

á því að Stabæk hafi á að skipa bestu sóknarlínu norsku deildarinnar. Stabæk spilar leikkerfið 4-4-2 þar sem Nannskog er uppi á toppi en Veigar Páll er gjarn á að draga sig aftar á völinn og fá boltann í lappirnar. Veigar Páll hefur skorað 12 mörk í deildinni það sem af er

Norskir fjölmiðlar segja að Veigar Páll sé mikilvægasti leikmaður Stabæk.

en lagt upp 14, mörg hver fyrir Nannskog. „Veigar hefur tekið gríðarlegum framförum á þeim tíma sem við höfum spilað saman. Það hefur alltaf verið ljóst að Veigar hefur mikla hæfileika, en spurningin var hvort hann næði að vinna úr þeim. Fyrst fannst mér hann svolítið latur inni á velli, hann var þungur og skorti stöðugleika. En hann hefur þroskast mikið á þessum stutta tíma, unnið vel í sínum málum og í dag finnurðu vart leikmann í betra formi. Þegar Veigar tekur sig til er hann einstakur leikmaður og gerir hluti sem sjást annars ekki í Noregi.“

Á AÐ VERA Í LANDSLIÐINU
Nannskog segir með ólíkindum að

Veigar skuli ekki fá fleiri tækifæri með íslenska landsliðinu en raun ber vitni. Hann kveðst þekkja nokkuð vel til sóknarmanna íslenska liðsins og segir augljóst að Veigar sé sá besti af þeim. „Í leikjunum gegn Norður-Írlandi og Spáni í síðasta mánuði var Eiður Smári Guðjohnsen meiddur og þá gerði ég fastlega ráð fyrir að Veigar fengi tækifærið. Svo var þó ekki, og hann fékk ekki einu sinni nokkrar mínútur. Það finnst mér ótrúlegt,“ segir Nannskog. „Ég er Svíi og fylgist vel með sænsku úrvalsdeildinni og hreifst mikið af Gunnari Heiðari Þorvaldssyni þegar hann spilaði með Halmstad. En mér finnst, með fullri virðingu fyrir Gunnari, furðulegt að hann skuli vera tekinn fram yfir Veigar. Að mínu mati er Veigar, fyrir utan Eið Smára, í öðrum klassa en hinir framherjar íslenska liðsins,“ segir Nannskog en bætir við að landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson hljóti að hafa sínar ástæður fyrir liðsvali sínu. „En mér finnst samt furðulegt að það skuli ekki vera pláss fyrir einn allra besta leikmann Noregs í íslenska landsliðinu.“

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk



Heilsársdekk

31" kr. 12.900

(31x10.50R15)

33" kr. 15.900

(33x12.50R15)

Úrval annarra stærða upp í 38". Felgustærð 15", 16" 17" og 18".

Nánar á jeppadekk.is

Við mælum með míkróskurði



Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

DRAUMALIÐIÐ

» ÞORLÁKUR ÁRNASON, yfirþjálfari yngri flokka hjá Stjörnunni, hefur fylgst mjög vel með Landsbankadeild karla í sumar og verið álitsgjafi fyrir vefsíðuna og útvarpsþáttinn Fótbolti.net. Sport fékk Þorlák til að velja úrvalsið Landsbankadeildarinnar í sumar. Þorlákur hóf þjálfaraferil sinn í meistara-flokki hjá Ægi í Þorlákshöfn árið 1996 en hefur stjórnað Val og Fylki í efstu deild á síðustu árum. Þorlákur hefur verið hjá Stjörnunni frá því haustið 2005.



„Það er mjög erfitt að velja lið ársins í ár því liðin eru töluvert jafnari nú en undanfarin ár. Vegna þess á ekkert félag meira en tvo leikmenn í liði ársins. Þetta lið væri vel spilandi og sóknðjarft en gæti einnig varist vel. Leikmenn ársins eru að mínu mati Helgi Sigurðsson og Bjarni Guðjónsson,“ segir Þorlákur.





Með bílinn handa þér

Enn meiri ánægja?

Enn meiri akstursánægja þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni

Minni eldsneytisnotkun þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni



Nýja BMW 1 línan. Einfaldlega fallegur bíll.

Gengur illa að finna sparneytin bíl með þróttmikla eiginleika? Leitinni er lokið, þökk sé nýju BMW 1 línunni og byltingar-kenndu EfficientDynamics tækninni. Þessi nýstárlega nálgun hjá BMW dregur úr eldsneytisnotkun án þess að það komi niður á akstursánægjunni, sem er okkar á milli sagt ótrúleg frammistaða. Ný fjögurra strokka vél, ný lagskipt High Precision innspýting, nýtt rafstýri, nýr BER rafall sem virkjar **bremsuaflið og sjálfvirk start-stopp stilling minnkar í samstilltu átaki notkunina um 1 lítra á 100 km.** Komdu og upplifðu skemmtun eins og hún gerist best. Komdu í spar-reynsluakstur.

Verð frá kr. 2.650.000

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Nýja
BMW 1 línan

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

ÍBÚNINGS-KLEFANUM

Með Bjarna Þór Viðarssyni

Hver er best klæddur?
Andy van der Meyde er alltaf flottur í tauinu, spilaði með Inter á sínum tíma og hefur heldur betur komist inn í tískuna í Milánó.

Hver er verst klæddur?
Phil Neville án efa. Klæðist bara íþróttagöllum, oftast of stórum. Það versta við þetta er að hann heldur að hann sé best klæddur.

Hver hlustar á verstu tónlistina?
Alan Stubbs, hlustar bara á ömurlegt heavy metal.

Hver á flottasta bílinn?
Þeir eru nokkrir flottir. Cahill og Arteta standa upp úr, Cahill á flottan Ferrari og Arteta á flottan Porsche.

Hver á ljótasta bílinn?
Pað á eigin-lega enginn ljótan bíl. Við ungu strákarnir eigum

óðýrustu og kannski þar af leiðandi ljótustu?

Hver er stæltastur?
Þótt ég sé ekki mikið að horfa á aðra í liðinu þá er Joleon Lescott mjög kottaður.

Hver er alltaf á síðustu stundu?
Joseph Yobo. Hann gleymir sér stundum.

Hver eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?
Victor Anichebe, vill líta vel út. Tjáir manni oft hversu fallegur honum finnst hann sjálfur vera.

Hver er hjátrúar-fyllstur?
James McFadden. Getur ekki farið út á völl án þess að hlusta á „I Wanna Be (500 Miles)“ með The Proclaimers og kyssa mynd af William Wallace.

Hversu góður er þjálfarinn þinn í fótbolta, á skalanum 1-10?
Þjálfarinn (David Moyes) myndi fá 5. Hefur ekki mikinn hraða og er ekkert rosalega teknískur.



PAPA DIOP
Félag: Portsmouth
Aldur: 29 ára

Líklega ekki besti leikmaðurinn í þessum hópi en það er rosalega erfitt að eiga við hann. Hann er vel yfir 190 cm á hæð og örugglega yfir 100 kíló en getur samt hlaupið upp og niður völinn eins og hver annar meðalmaður. Vegna þess hversu stór og sterkur hann er, þá er erfitt að komast nálægt honum og ná af honum boltanum. Svo er hann líka mjög hættulegur í öllum hornum og aukaspyrnum.



STEVEN GERRARD
Félag: Liverpool
Aldur: 27 ára

Þegar hann spilar vel spilar Liverpool vel. Er duglegur, bæði varnarlega og sóknarlega, og þess vegna mjög mikilvægur fyrir liðið. Þegar ég var í Watford spiluðum við gegn Liverpool í undanúrslitum deildarbikarsins þar sem liðið var alls ekki að spila vel. Gerrard skoraði hins vegar eitt mark í hvorum leik, heima og að heiman, og kom þeim áfram í úrslita-leikinn.



PETER CROUCH
Félag: Liverpool
Aldur: 26 ára

Ég spilaði einn leik sem miðvörður á síðasta tímabili gegn Liverpool. Crouch er rosalega erfiður vegna þess hversu stór hann er, en svo er hann lúmskt góður með boltann líka. Það var alveg sama hversu oft maður reyndi að vinna skallabolta – það var bara ekki möguleiki. Í eitt skiptið þegar hann fékk boltann í fæturna voru olnbogar hans í höfuðhæð við mig. Hann sló úr mér tönn, labbaði framhjá mér og skoraði.



RONALDO
Félag: Man. Utd.
Aldur: 22 ára

Hann er gríðarlega fljótur og góður með boltann en svo er hann einnig stór og sterkur. Einn af fáum leikmönnum í dag sem geta unnið leiki upp á eigin spýtur. Þó hann spili á kantinum er mikil hreyfing á honum og hann kemur mikið inn á miðjuna til að fá boltann og skapa sér pláss. Maður verður bara að vona að hann eigi sláman dag til að eiga einhverja möguleika á móti honum.



PAUL SCHOLES
Félag: Man. Utd.
Aldur: 32 ára

Er búinn að vera einn besti miðjumaðurinn á England í mörg ár. Hefur allt sem góður miðjumaður þarf. Heldur boltanum vel, gefur góðar sendingar og skorar alltaf nokkur mörk á hverju tímabili. Hann er ekkert sérstaklega fljótur en hann hreyfir sig vel og skapar sér alltaf pláss þegar hann fær boltann. Þess vegna er mjög erfitt að komast nálægt honum. Einn af mínum uppáhalds leikmönnum.

Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading í ensku úrvalsdeildinni, er margreyndur landsliðs- og atvinnumaður sem spilað hefur gegn mörgum af bestu leikmönnum heims. Sport fékk Brynjar til að velja þá fimm erfiðustu sem hann þurft að kljást við.

Brynjar Björn býr við þann munað að vera mjög fjölhæfur leikmaður og hefur hann spilað margar stöður á vellinum með liðum sínum í gegnum tíðina. Með Reading í ensku úrvalsdeildinni hefur Brynjar Björn spilað sem miðjumaður, miðvörður og bakvörður. Listi hans yfir fimm erfiðustu andstæðingana endurspeglar þennan fjölbreytileika, enda er þar að finna vængmann (Ronaldo), sóknarmann (Crouch) og miðjumenn.

Brynjar einskorðaði val sitt við leikmenn í ensku úrvalsdeildinni og leikmenn sem eru enn að spila. „Þeir sem eru ekki á listanum en hefðu líklega verið þar eru leikmenn á borð við Zinedine Zidane, Roy Keane og fleiri sem ég hef spilað gegn með landsliðinu í gegnum árin. En þetta eru erfiðustu leikmennirnir sem ég er búinn að spila við að undanfögnu,“ segir Brynjar.

5 ERFIÐUSTU ANDSTÆÐINGARNIR



ERLENDIR LEIKMENN HERTAKA ENSKA BOLTANN

Enska úrvalsdeildin er alþjóðlegasta knattspyrnudeild Evrópu en 55% leikmanna deildarinnar hafa ríkisborgararétt utan Englands. Þetta er langhæsta hlutfall erlendra leikmanna í evrópskri knattspyrnu, en þýska úrvalsdeildin kemur næst í röðinni með 44,8% leikmanna ættaða frá löndum utan Þýskalands. Til samanburðar má nefna að 34,3% leikmanna spænsku úrvalsdeildarinnar eru útlendingar en hlutfallið er ekki nema 28,9% í ítölsku Serie A deildinni. Þessar upplýsingar koma fram í árlegri skýrslu stéttarfélags evrópskra knattspyrnumanna. Fulltrúar íþróttamála í stjórnsýslunni í Bretlandi eru allt annað en sáttnir með stöðu mála og íhuga að grípa til aðgerða, t.d. með því að setja þak á fjölda erlendra leikmanna í úrvalsdeildinni. Rétt er að geta þess að um er að ræða tölur frá síðustu leiktið, en fastlega má gera ráð fyrir að hlutfallið sé töluvert hærra á þessu tímabili, enda voru fjölmargir erlendir leikmenn keyptir til enskra félagsliða í sumar. Þess má geta að aðeins 37% þeirra leikmanna sem tóku þátt í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í ágúst voru Englendingar. Arsenal stendur sig sýnu best í alþjóðavæðingunni, en tveir enskir leikmenn eru í aðalliðinu – Theo Walcott og Justin Hoyte. Báðir eru þeir varamenn.

Í ensku úrvalsdeildinni er að finna leikmenn frá hverju heimshorni.



Aðalfundur Valsmanna hf

Aðalfundur í Valsmönnum hf. verður haldinn miðvikudaginn 17. október. n.k. kl. 20:00 að Hlíðarenda.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995
2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
3. Tillaga um heimild til aukningar á hlutafé félagsins. Gert er ráð fyrir að hluthafar falli frá forkaupsrétti.
4. Tillaga um heimild stjórnar Valsmanna hf. til að selja hlutafé Hlíðarfótar ehf.
5. Önnur mál.

Hluthöfum félagsins er jafnframt boðið að vera viðstaddir formlega stofnun styrktarsjóða Vals, sem samþykkt var að stofna á síðasta aðalfundi félagsins. Athöfnin fer fram á Hlíðarenda og hefst kl. 19:00

NJÓTTU BETRI VAXTA

Hagstæðari kjör á Netinu



Hinnun og haf / SIA

Öllum nýjum viðskiptavinum
býðst að fá yfirdrátt með

12,25%
vöxtum

fyrstu sex mánuðina.
Hvergi annars staðar bjóðast
jafn lágir yfirdráttarvextir.

Netbankinn hefur frá upphafi sérhæft sig
í bankaviðskiptum á Netinu og boðið
bestu vextina. Á því verður ekki breyting!

Vextir á debetreikningum Netbankans:

Silfur

Innlánsvextir	6,80–9,30%
Yfirdráttarvextir	21,10%

Gull

Innlánsvextir	8,95–11,45%
Yfirdráttarvextir	17,9%

Platinum

Innlánsvextir	12,85–13,95%
Yfirdráttarvextir	16,9%

Sæktu um debetkort á www.nb.is eða hringdu
í þjónustufulltrúa í síma 550 1800 og byrjaðu
strax að njóta betri vaxta.

 **Netbankinn**
– með betri vexti

NÝ GULLÖLD Í VÆNDUM Á H

Guðmundur Þorbjörnsson er verkfræðingur, **Grímur Sæmundsen** er læknir, **Þorgrímur Þráinsson** er rithöfundur og **Sigurbjörn Hreiðarsson** er leikmaður Vals til 14 ára og fyrirliði síðustu fimm ára, lyfti bikarinn hátt á loft og Þorgrímur Þráinsson, sem hafði staðið í nákvæmlega sömu spöllum tveimur áratugum fyrr, fylgdist með – dreyminn á svip. Það gerðu Grímur Sæmundsen og Guðmundur Þorbjörnsson, fyrirliðar Íslandsmeistaraliðs Vals 1985 og 1980, sömuleiðis. „Vissulega vakti þessi stund upp gamlar minningar. Það er með ólíkindum að hugsa til þess að það séu svö mörg ár liðin frá því að við fögnuðum titlinum sem leikmenn. Það er ennþá eins og þetta hafi gerst í gær,“ segir Grímur, sem nú er formaður Vals.

20 ára bið Valsmanna eftir Íslandsmeistaratitli karla í knattspyrnu tók enda í lok síðasta mánaðar þegar 1-0 sigur á HK í lokaumferð Landsbankadeildarinnar var í höfn. Sigurbjörn Hreiðarsson, leikmaður Vals til 14 ára og fyrirliði síðustu fimm ára, lyfti bikarinn hátt á loft og Þorgrímur Þráinsson, sem hafði staðið í nákvæmlega sömu spöllum tveimur áratugum fyrr, fylgdist með – dreyminn á svip. Það gerðu Grímur Sæmundsen og Guðmundur Þorbjörnsson, fyrirliðar Íslandsmeistaraliðs Vals 1985 og 1980, sömuleiðis. „Vissulega vakti þessi stund upp gamlar minningar. Það er með ólíkindum að hugsa til þess að það séu svö mörg ár liðin frá því að við fögnuðum titlinum sem leikmenn. Það er ennþá eins og þetta hafi gerst í gær,“ segir Grímur, sem nú er formaður Vals.

LIÐIÐ 1976 VAR FLOTTAST
Tímabilið sem Grímur vitnar til nær frá 1976 til 1987, þegar Valur hafði á að skipa einhverjum öflugasta kjarna knattspyrnumanna sem nokkurn tíma hefur spilað saman á Íslandi. Auk Guðmundar og Gríms samanstóð þessi kjarni af leikmönnum á borð við Atla Eðvaldsson, Hermann Gunnarsson, Inga Björn Albertsson, og síðar Þorgrím, Sævar Jónsson og Guðna Bergsson – svo einhverjir séu upptaldir.
Titillinn 1976 var fyrsti sigur Vals í þessari 11 ára lotu, þar sem Hlíðarenda-félagið var lið númer eitt á landsvísu – liðið sem aðrir óttuðust. „Fyrir mér er titillinn 1976 sá eftirminnilegasti því þá unnum við tvöfalt. Það var ekki leiðinlegt að ná þeim áfanga svo snemma á ferlinum,“ segir Guðmundur, sem þá skoraði 11 mörk á Íslandsmótinu – aðeins 19 ára gamall.
Þorgrímur kom inn í Valsliðið árið 1979, ári eftir að liðið náði besta árangri sem náðst hefur frá upphafi í efstu deild. Sumarið ’78 tapaði Valsliðið einu stigi og hefur það lið gjarnan verið nefnt það



Guðmundur, Þorgrímur og Grímur rifjuðu upp gamlar sögur úr búningasklefanum frá því á gullaldarárunum og Sigurbjörn, núverandi fyrirliði Íslandsmeistara Vals, lagði við hvern kjarnann í einhverju alsterkasta liði sem stíllt hefur verið upp á Íslandsmóti í fótbolta hér á landi. Sigurbjörn er hluti af kjarnanum í núverandi liði Valsmanna.

sterkasta í sögunni. „Þetta var ótrúlegur hópur sem ég gekk inn í,“ segir Þorgrímur. „Hún lifir sterkt í minningunni, tilfinningin þegar ég hljóp inn á völlinn, leit í kringum mig og sá þessa stráka sem voru með mér í liði. Þá hugsaði maður: Það er ekki séns að við töpum þessum leik,“ útskýrir Þorgrímur og brosir.

„Þessi tilfinning lifði ár eftir ár – við fórum inn á völlinn sem sigurvegjarar. Og þetta var æðisleg tilfinning,“ bætir hann við.
Guðmundur tekur undir en segir að ’76-liðið hafi alls ekki verið síðra en ’78-liðið. „Þó að við höfum ekki fengið jafnmörg stig þá og 1978 var liðið svo

ofsalega vel spilandi. Frábært fótbolta-lið,“ segir Guðmundur. „Það var svona Arsenal-fílingur yfir því liði,“ bætir Grímur við glottandi.
SIGURBJÖRN FYLGDIST VEL MEÐ
Á þessum árum var Sigurbjörn, fæddur árið 1975 á Dalvík, að stíga sín fyrstu

skref - í b...
leið og ha...
að bera ta...
hefur haf...
um að far...
flutti í ba...
„Ég m...
vann titla...

GULLALDARÁRIN 1976-1987

1976

Valur hafði á stórkostlegu liði að skipa þetta tímabil og leiddi Íslandsmótið frá því í 3. umferð. Í liðinu voru nánast eintómir landsliðsmenn sem spiluðu frábæran fótbolta sín á milli. Liðið hlaut alls 25 stig, einu meira en Framarar sem urðu í 2. sæti. Liðið skoraði langflest mörk, 45 talsins, en fékk um leið fæst mörk á sig, aðeins 14.

Þjálfari:

Júrí Ilitchev

Fyrirliði:

Ingi Björn Albertsson

Markahæstir:

Ingi Björn Albertsson

16

Hermann Gunnarsson

11

Guðmundur Þorbjörnsson

11

1978

Valsmenn unnu Íslandsmeistatitlinn með fáðæma yfirburðum þetta sumarið. Liðið vann fyrstu 16 leiki sína á tímabilinu og endaði á því að tapa aðeins einu stigi í alls 18 leikjum, sem er besti árangur sem náðst hefur í sögu efstu deildar hér á landi. Þetta lið hefur gjarnan verið nefnt sem það sterkasta frá upphafi á Íslandi.

Þjálfari:

Gyula Nemes

Fyrirliði:

Ingi Björn Albertsson

Markahæstir:

Ingi Björn Albertsson

15

Atli Eðvaldsson

10

Guðmundur Þorbjörnsson

8

1980

Nokkur endurnýjun átti sér stað hjá Valsliðinu fyrir sumarið 1980 en þrátt fyrir það voru miklar væntingar gerðar til liðsins. Leikmenn stóðust þær væntingar og stóðu uppi sem sigurvegarar í mótslok. Valur hlaut 28 stig, þremur stigum meira en Fram sem varð í öðru sæti. Enn á ný skoraði Valur flest mörk allra liða í deildinni og fékk um leið fæst á sig.

Þjálfari:

Volker Hofferbert

Fyrirliði:

Guðmundur Þorbjörnsson

Markahæstur:

Matthías Hallgrímsson

15

1985

Valur hafði lent í 2. sæti sumarið áður og eftir nokkur mögur ár eftir titilinn 1980 var ekkert annað en sigur í deildinni talið viðunandi árangur. Liðið byrjaði illa og var í neðri hluta deildarinnar eftir fyrsta þriðjunginn. En 23 stig af 26 mögulegum í síðustu 13 leikjunum gerðu það að verkum að liðið trónaði á toppnum í lok sumars. Griðarlega öflugur varnarleikur lagði grunninn að titlinum, en liðið fékk aðeins á sig 12 mörk allt sumarið.

Þjálfari:

Ian Ross

Fyrirliði:

Grímur Sæmundsen

Markahæstur:

Guðmundur Þorbjörnsson

12

1987

Flestir bjuggust við öruggum sigri Valsmanna á Íslandsmótinu þetta ár og sú átti eftir að verða raunin. Liðið tapaði aðeins einum leik, gerði sjö jafntefli og vann 10 leiki. Þegar upp var staðið munaði fimm stigum á Val og erkifjendunum í Fram, sem enn á ný þurftu að gera sér 2. sætið að góðu. Vörn liðsins var frábær allt sumarið og fékk liðið aðeins á sig 10 mörk í leikjunum 18.

Þjálfari:

Ian Ross

Fyrirliði:

Grímur Sæmundsen

Markahæstur:

Guðmundur Þorbjörnsson

12

LÍÐARENDA

eiðarsson er kennari. Allir eiga þeir það þó sameigin-
nni og með fyrirliðabandið á upphandleggnum. Vignir



lulstur. Þeir þrír fyrstnefndu mynduðu
SPORT/VALLI

óskstaflegri merkingu. En um
ann koms til vits og ára fór hann
augar til Valsmanna, sem líklega
ft einhver áhrif á ákvörðun hans
ra á Hlíðarenda þegar hann
einn á unglingsaldri.
an vel eftir því þegar Valur
ana '85 og '87. Þá hékk maður við

útvarpið og hlustaði á beinar lýsingar frá
leikjunum. Allt landsbyggðarfólk hélt
með Val eða Fram og spennan var
sérstaklega óbærileg 1985,“ segir
Sigurbjörn, en það ár háðu erkifjendurnir
eftirminnilega baráttu um Íslands-
meistaratitilinn. Valur hafði betur á
endanum, eftir að hafa verið um tíma 11
stigum á eftir Fram, og fyrirliðinn
Grímur lyfti Íslandsmeistarabikarnum
eftir lokaumferðina. Í kjölfarið lagði
hann skóna á hilluna og Þorgrímur tók
við fyrirliðabandinu. Á þessum tíma
spilaði Guðmundur með liði Baden í Sviss
en hann hætti knattspyrnuíðkun árið
1987.

En hver af ykkur var besti leikmaður-
inn?
„Gummi var langbestur,“ segir
Þorgrímur án þess að blikna. Sigurbjörn
og Grímur kinka kolli. „Geta snýst um
hæfileika og hvað hæfileika varðar hafði
Gummi yfirburði,“ segir Grímur.

MÓTLÆTIÐ ENDURSPEGLAR
Fjórmenningarnir eru vongóðir um að ný
lota, ekki ósvipuð þeirri sem var uppi á
teningnum frá 1976-1987 þegar barátta
um Íslandsmeistatitilinn var árlegur
viðburður, sé í vændum á Hlíðarenda. Ný
gullaldarár, ef svo má að orði komast.
„Það eru allar forsendur til þess. Öll
umgjörð og aðstaða hjá félaginu er fyrsta
flokks og við finnum fyrir þessum
siguranda. Það hefur myndast öflugur
kjarni í leikmannahópnum og við erum
sannfærðir um að við getum haldið
dampi,“ segir Sigurbjörn.
Grímur segir félagið vera komið aftur
á þann stað sem það á að vera. „Valur
hefur gengið í gegnum gríðarlegt mótlæti
síðasta áratuginn og það hefðu líklega
margir bagnað við minna. En starfið sem
unnið hefur verið til að koma liðinu á
réttan stall er með ólíkindum. Það býr
ótrúleg seigla í félaginu,“ segir Grímur.
„Besti mælikvarðin á styrk er ekki
velgengnin heldur mótlætið, og hvernig
tekist er á við mótlætið. Ég held að Valur
sé búinn að sýna það og sanna að þótt
hann nálgist 100 ára aldurinn óðfluga
hefur hann aldrei verið öflugri. Það er
björt tíð í vændum,“ segir Grímur.



Guðmundur Þorbjörnsson fékk
einstaka knattspyrnuhæfileika í
vöggugjöf.



Þorgrímur Þráinsson bregður á leik
með bikarinn árið 1987.



Grímur Sæmundsen var einn besti
varnarmaður úrvalsdeildarinnar
um árabíl.



Fjórmenningunum þykir vænt um gömlu góðu stúkuna við gamla heimavöll Valsmanna á Hlíðarenda. Nú hefur verið sett gras á gamla
málurvöllinn nær höfuðstöðvunum og munu meistaraflokkar félagsins spila heimaleiki sína þar frá og með næsta ári.
SPORT/VALLI



TM styður kvennaknattspyrnu

BÖLVUNIN OG NÝIR SPÁMENN

Boltinn í Suður-Evrópu:
Einar Logi Vignisson



Októberbölvunina nefna Spánverjar það þegar sláturtíð þjálfara hefst að hausti. Í október fær alltaf einn þjálfari að fjúka og sá fyrsti

þetta árið var Abel Resino, þjálfari Levante, sem situr snautlega á botni deildarinnar með aðeins eitt stig. Við starfi hans tekur ítalski þjálfarinn Giovanni De Biasi, þrautreyndur boli sem hefur náð að halda smáliðum í Serie A. Levante er hálfgerð litla-Ítalía því helstu leikmenn liðsins eru Ítalirnir Damiano Tommasi, Bruno Cirillo, Marco Storari og Christian Riganó.

Michael Laudrup fær eitthvað meiri þolinmæði hjá Getafe þótt stig Madrídardvergliðsins séu ekki nema tvö enda Laudrup nýtekinn við liðinu. Og gæti lífað á fornri frægð sem leikmaður enda kosinn besti erlendi leikmaðurinn á Spáni á síðasta aldarfjórðungi tuttugustu aldar. Michelino er töluvert dæðari en Bernd Schuster, forveri hans hjá Getafe

sem flutti sig um set í höfuðstaðnum og hefur leitt Real Madrid til hásetis í deildinni.

En það eru ekki þjálfarnir sem mesta athygli hafa vakið á Spáni í haust heldur argentínsku nýstírnin Lionel Andrés Messi og Sergio „el

Kun“ Agüero. Þeir eru markahæstir í deildinni með sex mörk og margt líkt með þessum smávöxnu framherjum sem voru lykilmenn þegar Argentína varð heimsmeistari landsliða undir 20 ára. Báðir skoruðu mark með hendi á síðustu leiktíð, hönd Guðs auðvitað eins og Maradona, og sitthvað fleira er hægt að yfirfæra á meistara Maradona. Messi er þó bráðgerri og í betra liði þar sem ljósið skín skærar. Og fyrirsagnirnar hættar að ganga út á nýi Maradona þetta og hitt og meira lagt út frá Messiasartengingum sem hægt er að mynda úr nafni hans. Messi er ekki lengur sauðtryggur aðstoðarmaður hinna stjarnanna og sennilega hefur enginn í heimsboltanum slegið honum við í haust. Barcelona fer vel af stað og stefnir í einvígi við Real Madrid sem aðrir virðast ekki ætla að blanda sér í. Telja flestir að eina liðið sem geti átt séns sé einmitt Atlético Madrid, nái liðið vopnum sínum eftir miklar breytingar á leikmannahópnum í sumar. Aurarnir fyrir Fernando Torres voru vel nýttir og Jose Antonio Reyes, Simao Sambrosa og Diego Forlan hafa allir staðið sig vel. En liðið á langt í landa, Barca slátraði Atlético á dögnum og væntingarnar til Agüero kannski fullmiklar. Nýr Maradona eða Messi er ekki á hverju strái hverju sem líður messiasarkomplexum fyrirsagnasmiðanna.

MIKLU BETRI EN BECKHAM



Wesley Sneijder gegnir í raun nákvæmlega sama hlutverki hjá Real og David Beckham gerði áður. Hann spilar oftast á hægri kantinum og tekur flestar horn- og aukaspyrnur liðsins.

SPORT/AFP

Hann spilar í treyju númer 23, tekur framúrskarandi aukaspyrnur, sendir auðveldlega 50 metra stoðsendingar og er þegar orðinn dæður og dýrkaður af aðdáendum Real Madrid. Hann heitir Wesley Sneijder og hefur slegið í gegn á tíma-bilinu.

EFTIR HJALTA ÞÓR HREINSSON

Wesley Sneijder var af mörgum stimplaður sem arftaki Davids Beckham þegar hann kom til Real í sumar og héldu flestir að sá hollenski myndi eiga erfitt uppdráttar við að standast slíkan samanburð. En Sneijder hefur sneitt allt slíkt tal fram-hjá sér og einbeitt sér að sínum leik. „Ég er ekki að reyna að koma í staðinn fyrir einn eða neinn, síst af öllu Beckham,“ sagði Sneijder við komuna til Real. Samanburðurinn varð þó ekki umflúinn og hafa spænsku blöðin verið mjög dugleg að líkja þeim saman. Í stuttu máli má segja að niðurstaðan sé einföld: Sneijder er miklu betri en Beckham.

Dagblaðið Marca bauð upp á fyrirsögnina „Maradonian“ eftir sigur Real Madrid á Villarreal í upphafi tímabilsins og gaf þannig til kynna hve góður Sneijder hefði verið í leiknum. Það er ekkert

smá hrós. Kannski líkar Sneijder betur að vera líkt við Argentínumanninn en David Beckham?

Bernd Schuster, stjóri Real, gerði grín að öllum samanburðinum við Beckham og sagði: „Sneijder minnir mig á annan ljóshærðan miðjumann sem spilaði áður fyrr með Real Madrid – hann var ekki slæmur heldur.“ Schuster var þar að tala um sjálf-an sig. Fjölmíðlar á Spáni gera nánast lítið úr Beckham og segja hann þegar gleymdan í Madrídaborg; liðið sé þegar búið fá nýjan „Galactico“.

GRÍÐARLEGA FJÖLHÆFUR

Eins og áður segir hefur Sneijder slegið í gegn á Spáni og verið að öðrum ölstuðum einn allra besta leikmaður deildarinnar hingað til. Hann er knár þótt hann sé smár, aðeins 1,70 metrar. Hann er einnig með frábæra yfirsýn yfir völlinn og stelar mörgum boltum af andstæðingum sínum. Þá eru föst leikatriði hans vís til að skapa hættu en hann er nánast jafnfættur. Snöggur, áráðinn, með góð skot og frábæra tækni sem gerir hann að stórhættulegum leikmanni sem var eitt sinn talinn efnilegasti leikmaður Evrópu. Í dag er hann á meðal þeirra bestu.

Wesley Sneijder er í guðatölu hjá stuðningsmönnum Ajax og hefur á aðeins nokkrum vikum orðið uppáhald stuðningsmanna Real Madrid.

SPORT/AFP

» ÉG ER

Wesley Sneijder

Hæð: 170 cm

Fæddur: 9. júní 1984

Landsleikir: 38 (7 mörk)

Staða: Miðjumaður

Einstaklingsverðlaun:

2004: Efnilegasti leikmaður Hollands

2007: Besti leikmaður Hollands

Titlar: Hollenskur meistari (2004), bikarmeistari (2006 og 2007). Allt með Ajax.

Fyrri félög: Ajax – 55 mörk í 175 leikjum.



Móttó:

„Á hverjum degi er ég ákveðinn í að sýna mitt besta á æfingum til að sannfæra þjálfarann um að ég verði að spila næsta leik.“

Vissir þú?

...Sneijder kemur úr mikilli fótbolta-fjölskyldu. Faðir hans var atvinnumaður, bróðir hans Jeffrey spilar einnig og yngsti bróðirinn, Rodney, er á góðri leið með að verð atvinnumaður.

...Sneijder á svipaða sögu og Marco van Basten. Báðir eru fæddir í Utrecht og enduðu svo hjá Ajax. Van Basten var einn besti leikmaður sögunnar og þjálfar Sneijder í dag í landsliði Hollands.

...Sneijder er stundum kallaður Þolinmóði bolabíturinn (The patient pitbull). Það er skírskotun í Edgar Davids sem var oft kallaður Bolabíturinn. Viðurnefni landa hans vísar í það hversu meira alhliða, og betri, leikmaður Sneijder er.

UMMÆLI



„Hann er besti leikmaður sem Real hefur keypt

frá því Zidane fór þangað.“ Juanfran, leikmaður Real Zaragoza, sem spilaði með Sneijder hjá Ajax.



„Hann er frábær á báðum köntunum, hann getur spil-

að sem framliggjandi miðjumaður og aftar á vellinum. Hann hefur frábært hugafer og er sannur sigurvegari.“ Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, eftir að Sneijder fór til Real Madrid.



„Hann var stressaður í sínum fyrsta leik en hann hefur staðið

síðan þá. Liðið stendur í þakkarskuld við hann. Það er auðvelt fyrir aðra leikmenn að aðlagast með hann inni á vellinum.“ Bernd Schuster, stjóri Real Madrid.



„Hann er alvöru leikmaður, jafnfættur og með frábærar

sendingar. Hann getur spilað vel í öllum leikkerfum.“

Martin Jol, landi Sneijder og núverandi stjóri Tottenham.

ALINN UPP OG MÓTAÐUR HJÁ AJAX

Sneijder fæddist í bænum Utrecht en fór til Ajax aðeins sjö ára gamall og var ekki lengi að vekja athygli á sér í hinu margrómaða unglingakerfi þar. Gamla goðsögnin Danny Blind hreifst af Sneijder og þrýsti mikið á þáverandi stjóra Ajax, Ronald Koeman, að gefa honum tækifæri. Það kom loksins árið 2002 og skemmst er frá því að segja að Sneijder nýtti sér tækifærið vel og leit aldrei til baka. Hann varð fljótlega fyrirliði hjá Ajax og er enn í dag í guðatölu í Amsterdam.

Í unglingakerfi Ajax er leikmönnum kennt að spila margar stöður og á því græddi Sneijder. Hann var upphaflega talinn bestur sem kantmaður en í dag er hann allt eins líklegur til að spila sem afturliggjandi miðjumaður eða í hvaða stöðu sem er framar á vellinum.

Hvorki Sneijder sjálfur né Ajax gátu hafnað gylliboði Real Madrid.

SPORT/GETTY



TOSHIBA

MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI

Ekki missa af þessu!

RISA **TOSHIBA**
SJÓNVARP
MEÐ RISA
AFSLÆTTI!

47" WLG 66
Full HD 1920 x 1080
ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms
2 HDMI tengi

299.000,-

Áður 498.900,-



229.900,-

42" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi



199.000,-

42" WL66
1366 x 768 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi



169.900,-

37" WL67
Full HD 1920 x 1080 / ActiveVision
Viðbragðstími: 8ms / 2 HDMI tengi

DVD DR 265



19.900,-

DR-265 DVD Recorder
Skrifaðu þína disk!



DVD SD - 38

18.900,-

Myndbandstæki - DVD
DivX/MP3/NTSC/PAL

HD DVD HD - E1



49.900,-

Háskerpu spilar - næsta kynslóð DVD



DVD SD - 370

12.900,-

HDMI tengi
með UPSCALING1080i
DivX/MP3



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is



PRÓUN KAUPVERÐS Í
ENSKU
ÚRVALSDEILDINN

1902 Alf Common frá Sheffield Utd. til Sunderland – 520 pund

Fyrsta salan yfir 500 pund

1905 Alf Common frá Sunderland til Boro – 1.000 pund

Fyrsta salan yfir 1000 pund

1914 Percy Dawson frá Hearts til Blackburn – 2.500 pund

Fyrsta salan yfir 2.500 pund

1922 Syd Puddefoot frá West Ham til Falkirk – 5.500 pund

Fyrsta salan yfir 5.000 pund

1928 David Jack frá Bolton til Arsenal – 10.890 pund

Fyrsta salan yfir 10 þúsund pund

1949 Eddie Quigley frá Sheffield Wednesday til Preston – 26.000 pund

Fyrsta salan yfir 25 þúsund pund

1957 John Charles frá Leeds til Juventus – 65.000 pund

Fyrsta salan yfir 50 þúsund pund

1961 Dennis Law frá Man. City til Torino – 110.000 pund

Fyrsta salan yfir 100 þúsund pund

1977 Kevin Keegan frá Liverpool til Hamburg – 500.000 pund

Fyrsta salan yfir 500 þúsund pund

1979 Trevor Francis frá Birmingham til Nott. Forest – 1.180.000 pund

Fyrsta salan yfir milljón pund

1986 Mark Hughes frá Man. Utd. til Barcelona – 2.300.000 pund

Fyrsta salan yfir 2 milljónir punda

1987 Ian Rush frá Liverpool til Juventus – 3.200.000 pund

Fyrsta salan yfir 3 milljónir punda

1989 Chris Waddle frá Tottenham til Marseille – 4.250.000 pund

Fyrsta salan yfir 4 milljónir punda

1991 David Platt frá Aston Villa til Bari – 5.000.000 pund

Fyrsta salan yfir 5 milljónir punda



1996 Alan Shearer frá Blackburn til Newcastle – 15.000.000 pund

Fyrsta salan yfir 15 milljónir punda

1999 Nicolas Anelka frá Arsenal til Real Madrid – 22.500.000 pund

Fyrsta salan yfir 20 milljónir punda

2001 Juan Veron frá Lazio til Man. Utd. – 28.100.000 pund

Fyrsta salan yfir 25 milljónir punda

2002 Rio Ferdinand frá Leeds til Man. Utd. – 30.000.000 pund

Fyrsta salan yfir 30 milljónir punda

DREYMIÐ UM EM Í NOREGI

Handknattleiksmaðurinn Jaltiesky Garcia er kominn á fullt skrið á nýjan leik eftir að hafa slitið krossbönd í hné á síðasta ári. Garcia upplifði erfiðustu tíma ferilsins á meðan á langri endurhæfingunni stóð en leyfir sér nú að dreyma um að spila með íslenska landsliðinu á Evrópumótinu í Noregi á næsta ári. Eftir Vigni Guðjónsson

Ég er ekki sami leikmaðurinn og áður. Slæm meiðsli hafa áhrif á líkamann en það þýðir samt ekki að ég sé síðri leikmaður. Ég finn lítið sem ekkert fyrir eymslum vegna meiðslanna og myndi telja að ég væri orðinn svona 95% góður. Mér líður mjög vel og hef aldrei haft jafn gaman af því að spila handbolta og nú,“ segir íslenski landsliðsmaðurinn Jaltiesky Garcia, leikmaður Göppingen í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta.

Eftir að hafa slitið krossband í hægra hné í október á síðasta ári og brotið bein í vinstri hendi í ágúst er Garcia loksins orðinn heill heilsu og þykir hann hafa spilað afar vel í síðustu leikjum Göppingen. „Ég bæti við mig nokkrum mínútum í hverjum leik og er farinn að spila allt að 20-30 mínútur í leik. Þjálfarinn tekur enga áhættu með mig og vill auka álagið jafn og þétt. Ég er mjög sáttur við það.“


Þann 25. október næstkomandi er eitt ár liðið frá því að Garcia sneri sig illa á æfingu með Göppingen með þeim afleiðingum að krossbandið slitnaði. Garcia fór í aðgerð nokkrum dögum síðar og við tók löng og ströng endurhæfing sem fól í sér sjúkrapjálfun og styrktaræfingar. Garcia segir fyrstu sex mánuði ársins hafa reynst sér afar erfiða. „Það er

margt sem fer í gegnum hugann á svona stundum. Það kom fyrir að ég efaðist um að ég myndi spila handbolta nokkurn tímann aftur. Ég held að þeir einu sem átti sig á því andlega álagi sem fylgir því að æfa einsamall í yfir hálf ár séu þeir sem hafa lent í því sjálfir,“ útskýrir Garcia.

GEFUR KOST Á SÉR Í LANDSLIÐIÐ

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur opinberlega lýst því yfir að Garcia hafi verið sárt saknað í verkefnum landsliðsins undanfarnar misseri. Garcia spilaði síðast fyrir landsliðið á æfingamóti í Póllandi fyrir tæpum tveimur árum, en hann hefur auk þess misst af síðustu þremur stórmótum vegna meiðsla eða persónulegra ástæðna. „Ég hef saknað þess að spila fyrir landsliðið,“ segir hann. „Það er alltaf öðruvísi að spila með landsliði en félagsliði. Andrúmsloftið er skemmtilegra og það er alltaf gaman að hitta strákana. Auk þess fær maður þá tækifæri til að koma til Íslands,“ segir Garcia og hlær en hann hefur verið í góðu sambandi við Alfreð allt frá því að endurhæfingin hófst.

„Við ræðum alltaf saman annað slag og förum yfir stöðuna. Mitt viðhorf gagnvart landsliðinu er ávallt það sama – ef ég er heill heilsu gef ég kost á mér,“ segir Garcia. Framundan eru æfingabúðir með landsliðinu sem eru fyrsta skrefið í undirbúningnum fyrir EM í Noregi sem fram fer í upphafi næsta árs. Garcia vonast til þess að vera valinn í þann hóp. „Það var hrikalegt að missa af HM í Þýskalandi á þessu ári og það er langt síðan ég fór að hugsa um EM í Noregi. Mig dreymir um að fá tækifæri til að spila þar.“



Garcia segir að eitt af því jákvæðasta við að vera valinn í landsliðið sé tækifærið til að koma til Íslands, skoða landið og heilsa upp á vini og kunningja. SPORT/GVA

» VISSIR ÞÚ...

... að tilviljun ein réð því að Garcia byrjaði að æfa handbolta, þá níu ára gamall. Handboltþjálfari kom í skólann hans í smábænum Pinar Del Rio á Kúbu og það þá sem hefðu áhuga á að æfa íþróttina að rétta upp hönd. Það gerði Garcia, án þess að hafa hugmynd um hvað íþróttin snerist um.



... að Garcia kom til Íslands fyrir tilstilli vinar síns, landsliðsmannsins fyrrverandi Julian Duranona, sem náði að sannfæra forráðamenn HK um að fá Garcia á reynslu. Hann hafði þá ekki æft að viti í um þrjú ár en svo fór að Garcia fékk samning hjá HK.

... að eiginkona Garcia er frá Púertó Ríkó og hefur leikmaðurinn lýst því yfir að hann muni líklegast flytja þangað þegar handboltaferlinum lýkur. Hann hefur þó hug á því að spila sitt síðasta tímabil í handbolta á Íslandi.

STJARNNA INNAN VALLAR SEM UTAN

Markúsar Mána Michaelssonar, besta leikmenn Íslandsmótsins í fyrra, hefur verið sárt saknað hjá handknattleikslíði Vals það sem af er tímabili í N1-deildinni, en hann hefur lítið sem ekkert æft með liðinu í haust vegna anna í vinnu. Forsvarsmenn Straums, fjárfestingarbankans sem Markús Máni starfar hjá, eru hins vegar í skýjunum með að geta notað krafta hans að fullu. Markús Máni er menntaður viðskiptafræðingur og hefur starfað hjá Straumi frá því hann sneri aftur til Íslands úr atvinnumennsku í fyrra.

„Markús Máni er algjör lykilmaður hjá okkur. Við erum afskaplega fegnir að hafa hann,“ segir Höskuldur Ari Hauksson, yfirmaður markaðsviðskipta hjá Straumi, en það er sú deild sem Markús Máni starfar hjá. Höskuldur hefur starfað hjá Straumi frá því í apríl en segir Markús hafa heillað sig upp úr skónum frá þeim tíma. „Hann er frábær drengur, öflugur starfskraftur og alveg pottþéttur.“

Á handboltavellinum er Markús Máni þekktur fyrir mikinn dugnað og kröftugan leik. Hann þykir mikill leiðtogi á velli og tekur ævinlega af skarið þegar þörf er á. Höskuldur segir að Markús hafi sama mann að geyma í dagvinnunni. „Hann er stjarna, innan vallar sem utan.“



Nokkuð er liðið frá því að Markús Máni Michaelsson reimaði á sig skóna í búningsklefa Valsmanna. SPORT/ANTON



TVÖ LIÐ, EINN FALLEGUR LEIKUR: ÓMETANLEGT



10 TUGURINN

stigahæstu leikmenn allra tíma í úrvalsdeild karla í körfubolta

1. Valur Ingimundarson 7.355



Langstigahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar og verður meti hans varla haggð í bráð enda með 2.573 stigum forskot á næsta mann sem er enn

að spila. Valur skoraði 18,4 stig að meðaltali í 400 leikjum með Njarðvík, Tindastóli og Skallagrími.

2. Guðjón Skúlason 6.649

Skoraði 16,3 stig að meðaltali í 409 leikjum með Keflavík og Grindavík.



3. Teitur Örlýgsson 6.597

Teitur skoraði öll stigin sín fyrir Njarðvík og var með 16,2 að meðaltali í 406 leikjum.

4. Guðmundur L. Bragason 5.655

Skoraði 16,3 stig að meðaltali í 348 leikjum með Grindavík og Haukum frá 1987 til 2004.

5. Jónatan James Bow 4.892

Er stigahæsti Bandaríkjamaðurinn á listanum en hluta af ferli sínum lék hann með tvöfalt ríkisfang. Jónatan var með 22,1 stig að meðaltali í 221 leik fyrir Hauka, KR, Keflavík og Val.

6. Kristinn Friðriksson 4.782

Er stigahæsti leikmaðurinn sem er enn að spila. Kristinn hefur skorað stigin fyrir fimm félög en hann er með alls 15,1 stig að meðaltali í 317 leikjum.



7. Jón Arnar Ingvarsson 4.679

Skoraði 13,8 stig að meðaltali í 340 leikjum með Haukum og Breiðabliki frá 1988 til 2004.

8. Birgir Mikaelsson 4.411

Skoraði 14,0 stig að meðaltali í 316 leikjum á árunum 1980-2001, fyrir KR, Skallagrím, Snæfell og Breiðablik

9. Eiríkur Önundarson 4.179

Eiríkur er að hefja sitt tólfta tímabil í úrvalsdeildinni en hann hefur skorað 15,1 stig að meðaltali í 276 leikjum.

10. Páll Axel Vilbergsson 4.074

Er líklegur til þess að hækka sig á listanum á næstu árum enda enn á besta aldri. Páll Axel hefur skoraði 16,4 stig að meðaltali í 248 leikjum.



SPORT

Útgefandi: 365 miðlar.
Ritstjóri: Vignir Guðjónsson, vignir@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Valli af Guðmundi Þorbjörnssyni, Grími Sæmundsen, Þorgrími Þráinssyni og Sigurbirni Hreiðarssyni.

SPURT OG SVARAÐ

» MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR, VAL

Fædd: 25. júlí 1986

Íþrótt: Fótbolti

Þegar þú varst búinn að skora 34. markið þitt síðasta sumar, flaug einhvern tímann í gegnum huga þinn að þú ættir eftir að skora 38 mörk árið eftir?

Aldrei nokkurn tímann.

Muntu skora yfir 40 mörk næsta sumar?

Ég get með engu móti sagt til um það.

Kemst íslenska kvennalandsliðið í lokakeppni EM 2009?

Alveg pottþétt.

Saknarðu Vestmannaeyja?

Já, rosalega mikið. Ég sakna auðvitað fjölskyldunnar en líka friðarins. Í Reykjavík eru allir á fullu og mikið stress. Maður losnar við allt slíkt í Eyjum.

Getur Valur orðið Íslandsmeistari án þín? Að sjálfsögðu.

Var leiðinlegt í Þýskalandi? Já, ógeðslega leiðinlegt. Þjóðverjar eru litlir húmoristar og taka lífinu einum of alvarlega.

Helsti styrkleiki: Góður vinur.

Helsti veikleiki: Þrjáská.

Hápunktur ferilsins: Allir Íslandsmeistaratitlarnir og fyrsti A-landsleikurinn.

Draumaliðið: Kvennalið Manchester United. Verst að það er ekki til.

Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig? Karítas, bestu vinkonu mína. Við erum perluvinir, höfum aldrei rifist og ég veit að ég gæti verið föst við hana.

Morgunmat: Venjulegt Cheerios.

Hvor er betri, þú eða Ásthildur Helgadóttir? Hei, þetta er

ósanngjörn spurning. No comment.

Erfiðasti andstæðingur: Bandaríska A-landsliðið.

Besta ráðið: Mamma og amma kenndu mér að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

Bíll: Ég ek um á Toyota Auris, en á hann ekki.

Það er ótrúlega góður bíll en ég myndi samt kaupa

mér BMW ef ég ætti pening.

Ef báðir leikirnir færu fram á sama

tíma, úrslitaleikurinn

á HM karla og

úrslitaleikurinn á HM kvenna, hvorn

myndirðu horfa á? Sem kona yrði ég að

horfa á úrslitaleik kvenna. Annars myndi ég stilla upp tveimur sjónvörpum hlið við hlið og horfa á þá báða.

Besti leikmaður heims

í kvennaflokki: Marta

frá Brasilíu og Kelly

Smith frá Englandi.

Besti leikmaður heims í karlaflokki:

Ronaldo.

Hver er kynþokkafyllstur?

Justin Timberlake.

Áttu kærasta? Hmmm.... No comment.

Ef þú værir ekki

fótboltakona: Þá væri ég handboltakona.

Besta vinkonan í boltanum: Get ekki gert upp á milli stelpanna í Val. Við erum eins og ein stór fjölskylda.

Ef þú gætir spilað með hvaða leikmanni sem er: Ég myndi velja Mörtu í kvennaflokki og síðan myndi ég alveg þiggja sendingarnar frá David Beckham.

Eftir fimm ár verð ég....

Vonandi búin að spila í lokakeppni EM. Ég verð að spila með einhverju

öflugum atvinnumannaliði úti í heimi með rosalega góða leikmenn mér við hlið. Það er síðan óskandi að ég verði á einhverjum góðum stað þar sem ég er hamingjusöm.



» EKKI PLÁSS FYRIR ALLA JEPPANA

Svona lítur Hummerinn út sem Wayne Rooney keypti sér fyrir skemmstu.



Framkvæmdir standa nú yfir á bílastæði leikmanna, þjálfara og starfsmanna á æfingarsvæði Manchester United. Ástæðan fyrir framkvæmdunum er einföld - ekki er lengur pláss fyrir tryllitæki leikmanna liðsins á þeim bílastæðum sem fyrir eru.

Flestir leikmanna liðsins eru milljónamæringar og hefur það orðið

að hálfgerðu tiskufyrirbæri á meðal knattspyrnumanna í Englandi að fara ferðir sínar um á jeppa. Og því stærri sem hann er, því betra.

Sóknarmaðurinn Wayne Rooney á stærsta bílinn hjá Manchester United, 2007 árgerð af Hummer H2. Slíkt tryllitæki kostar tæpar 10 milljónir króna, sem er örlítið minna en það sem Rooney fær í vikulaun. Gary Neville og Ryan Giggs aka báðir á Range Rover jeppum og þá fjárfesti

Bílastæðin á æfingarsvæði Man. Utd. eru stór - en ekki nógu stór.

Cristiano Ronaldo nýlega í Bentley Continental sem er sportbíll, en er þó yfir tveir metrar á breidd.

„Ástandið er súrrealískt. Strákarnir eru nánast í keppni um hver á stærsta bílinn. Hver veit hvað kemur næst,“ sagði ónefndur starfsmaður æfingarsvæðisins við eitt bresku götublaðanna.





DODGE



Jeep.

JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC

Vinnustofan 1. október 2007



FRUMSÝNING

DODGE NITRO

2,8 L diesel / 4,0 L bensín



Frumsónum Dodge Nitro 2007 - evrópugerð í sýningarsal okkar að Krókhálsi 4.

Einnig erum við með fjölda annarra bíla í sýningarsal frá Jeep, Dodge og Chrysler, m.a. Jeep Commander – diesel, Jeep Grand Cherokee – diesel, Dodge Avenger og Chrysler 300C.

KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU!



VIÐ ERUM HÉR, Á EFRI HÆÐ
HARÐVIÐARVALSHÚSSINS!

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga

10 - 18

Laugardaga

10 - 14

JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is





1.489 kr.

Nýtt
á CD



Sprengjuhöllin



20" LCD

Philips

Philips 200WS8FB

- 20" LCD skjár - svartur
- Svartími: 5ms
- Upplausn: 1680x1050
- Skerpa: 800:1 (contrast)
- Birtustig: 300cd/m2
- DVI og VGA tengi

29.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~

Gæðastæða

Philips MCM275

- 2x10w mikrósamstæða
- Geislaspilari með MP3
- Stafrænt FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- Dynamic Bass Boost
- Digital Sound Control
- Klukka með vekjara og svefnrofa
- Aux inngangur og heyrnartólstengi
- 2-way Bass Reflex hátalarar
- Fjarstýring



19.989 kr.

Fullt verð ~~22.989~~

Fartölva

Acer Aspire 5633WLMi-1G80

- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+-RW skrifari, 15.4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium



84.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

Tökuvél



2.5 tommur

Sony DCRSR30

- Stafræn tökuvél
- 30GB harður diskur
- 20x Optical linsa
- Night Shot möguleiki
- 2.5" LCD skjár
- Fjarstýring fylgir

49.989 kr.

Fullt verð ~~59.989~~

GSM sími

Nokia E50

- Nettur farsími í E-línunni
- Biðtími allt að 230 klst.
- 262,144 skjálitir
- Skjástærð 240 x 320 dýlar
- Taltími allt að 7 klst.
- Með eða án myndavélar
- Þyngd 104 gr
- 70MB minni
- Micro-SD rauf (allt að 2GB)



19.989 kr.

Fullt verð ~~29.989~~

Myndavél

SONY DSCW50

- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2.5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- USB tenging
- 32MB minni innbyggt



16.989 kr.

Fullt verð ~~28.989~~



Þvottavél

Siemens WXLP162A

- 1600 snúninga 6kg þvottavél
- Tekur 6kg í þvott
- Rafeindastýrður/mekanískur kerfisveljari
- Hraðkerfi ullarvagga
- Þvottahæfni A
- Örkunýting A
- Vinduhæfni A

69.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~



Bakarofn

Scandomestic XO5500

- 61 lítra stál ofn til innbyggingar
- 1900w grill
- 850w efra element - 1200w neðra
- Mál í sm (hxbxd): 59,5x59,5x58
- Glerhurð
- Örkunýting B

29.989 kr.

Fullt verð ~~34.989~~



Kæliskápur

Scancool SFA55

- 85 sm kæliskápur
- Kælir 120 lítra
- Glerhillur
- Grænmetisráfa
- Örkunýting A
- Mál (hxbxd: 85x55x57)

22.989 kr.

Fullt verð ~~26.989~~

Ryksuga

Panasonic MCCL673

- 2100w pokalaus ryksuga
- 380w sogkraftur
- HEPA Filter kerfi
- Gúmmihjól
- 2 fylgihlutir
- 6.5 m snúra



14.989 kr.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19. Fim. 11-22.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.



Frábær
tækjakaup

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Við erum beint á mótí IKEA

